



1. apríl 2016

Tökur á vegum kvikmyndafyrirtækisins Pegasus eru að fara að hefjast aftur vegna annarrar þáttaraðar Fortitude. Tökur munu standa yfir til 22. apríl.

Neðangreindar dagsetningar á tókum og umferðartakmörkunum eru birtar með fyrirvara um að veður og vindar verði okkur hagstæðir fyrir tókur.

**5. apríl. Þriðjudagur**

**Norðfjörður, Fannardalur:**

09:00-19:00 Tökulið verður á veginum sem liggur að Sementverksmiðju BM Vallá í Fannardal.

**6. apríl. Miðvikudagur**

**Norðfjörður, Fannardalur:**

10:00-21:00 Tökur verða á veginum sem liggur til Sementsverksmiðju BM Vallá í Fannardal. Frá klukkan 14:00 og til um 17:30 má búast við umferðatöfum á Norðfjarðarvegi, við brúnna yfir Norðfjarðará og að Skálateig.

**8. apríl. Föstudagur**

**Egilstaðir og Fjarðarheiði:**

09:00-20:00 Tökur verða á Egilsstaðaflugvelli, sundlauginni á Egilsstöðum og við rafstöðvarhús Isavia á Fjarðarheiði.

**Gera má ráð fyrir því að sundlaugin á Egilsstöðum verði lokuð frá klukkan 09:00 til 14:00.**

Mögulegar umferðartafir á Fjarðarheiði, hluta úr degi.

**9. apríl. Laugardagur**

**Reyðarfjörður:**

08:00-19:00 Tökur verða við bátarampinn við smábátahöfnina og Tærgesen. Umferðatafir verða á Ægisgötu og Búðargötu.

**11. apríl. Mánudagur**

**Norðfjörður og Reyðarfjörður:**

08:00-19:00 Tökur verða við Sementsverksmiðju BM Vallá á Norðfirði og á Austurvegi 24, Reyðarfirði. Umferðatafir verða seinnipartinn við gatnamót Austurvegar og Ægisgötu.

**12. apríl. Þriðjudagur**

**Reyðarfjörður:**

08:00-19:00 Tökur verða við Austurveg 24. Umferðatafir verða seinnipartinn við gatnamót Austurvegar og Ægisgötu.

Við biðjumst velvirðingar á þeim óþægindum sem tökurnar kunna að valda en vonumst jafnframt til þess að þið sýnið okkur skilning og þolinmæði.

Kær kveðja

Bergsveinn Jónsson

Tökustaðastjóri